

Iceland

Upplýsingaöryggi



Vírinn

15. tbl. 3. árgangur 2013

Kæri viðtakandi,

Hlekkir

[Upplýsingaöryggissíða Deloitte](#)

Tengiliðir

[Úlfar Andri Jónasson](#)

Kerfisfræðingur | ERS

ulfar@deloitte.is

+ 354 580 3322

[Rey LeClerc Sveinsson](#)

Liðstjóri | ERS

rey@deloitte.is

+ 354 580 3306

Áhættuþjónusta (ERS) er sérfræðihópur innan endurskoðunarsviðs Deloitte ehf. sem sérhæfir sig í innra eftirliti upplýsingakerfa, upplýsingaöryggi og endurskoðun upplýsingakerfa. Vírinn er gefinn út á tveggja vikna fresti og ætlaður m.a. stjórnendum, kerfisstjórum og almennum notendum upplýsingakerfa.

Galli í öllum útgáfum Internet Explorer

Allar útgáfur Internet Explorer innihalda galla sem gefur tölvuþrjótum möguleika á að ná stjórn á vafranum og jafnvel tölvunni sjálfri.

Eins og sagt var frá í síðustu útgáfu af Vírnum komst upp um galla í öllum útgáfum af Internet Explorer fyrir um 3 vikum síðan. Microsoft brást við því með að gefa út tímabundna lausn á þessum galla. Nú hefur hinsvegar birst kóði á netinu sem hægt er að nota til að ráðast á tölvur sem ekki hafa verið uppfærðar með nýjustu öryggisuppfærslum fyrir Internet Explorer. Þessi kóði hefur til að mynda verið boðinn í hugbúnaðinum Metasploit sem er mikið notaður meðal öryggissérfræðinga og tölvuþrjóta.

Microsoft gaf út fulla útgáfu af þessari lagfæringu síðastliðinn þriðjudag og mælum við með að allir Microsoft notendur uppfæri kerfin hjá sér sem fyrst.

Meira ▶

Öryggishola í Siri frá Apple

Í nýjustu útgáfu af Apple iOS 7 sem lagaði veikleika þar sem hægt var að komast fram hjá PIN læsingu til að komast í myndasöfn hefur komið fram veikleiki sem tengist svokallaðri Siri raddstýringu.

Í Apple iOS 7.0.2 sem kom út 26. september síðastliðinn hefur nú fundist veikleiki sem hægt er að nýta sér með að fara í gegnum raddstýringuna Siri sem Apple hefur boðið upp á í nokkur ár. Þessi veikleiki veldur því t.d. að hægt er að komast í talnaborðið og hringja símtöl, skoða og breyta upplýsinum um tengiliði, komast í myndir og í tölvupóst á viðkomandi snjalltæki.

Meira ▶

Tölvuinnbrot hjá hugbúnaðarriðanum Adobe

Brotist var inn hjá Adobe og stolið forritunarkóða (source code) fyrir margskonar hugbúnað Adobe ásamt upplýsingum um milljónir viðskiptavina Adobe.

Adobe hefur tilkynnt að brotist hafi verið inn í kerfi þeirra með þeim afleiðingum að forritunarkóða fyrir meðal annars Adobe Acrobat og ColdFusion var stolið. Þetta gæti leitt af sér að svokallaðir 0-day veikleikar (veikleikar án lagfæringa) munu líta dagsins ljós í hugbúnaði frá Adobe.

Einnig sagði Adobe frá því að tölvuprjótarnir hafi komist yfir upplýsingar um 2,9 milljón notendur í kerfum Adobe og meðal annars voru þar notendanöfn, dulkóðuð lykilorð og dulkóðuð kortanúmer. Hinsvegar hefur Adobe gefið það í skyn að sérfræðingar halda að kortanúmerin hafi ekki verið afrituð.

Meira ▶

Endilega hafið samband við undirritaða (tengiliðir hér til hliðar) ef þið hafið spurningar eða frekari áhuga á efninu.

Viðtakendur eru hvattir til að áframsenda Vírinn á áhugasama

Kveðja,

Áhættuþjónusta Deloitte / Ritnefnd
Virinn@deloitte.is

Iceland

© 2013 Deloitte ehf.

Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

 [Deloitte RSS feeds](#)

[Afskráning](#)